



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 4. mars 2021

R21010290

3190

ep

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð

Tjarnargötu 11
105 REYKJAVÍK

***Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um tillögu borgarráðsfulltrúa
Sjálfstæðisflokksins um að íbúaráð og menningar-, íþróttá- og tómsundaráð útfæri 17. júní
hátiðahöld - Tilvísun í mál RMF21020001***

Á fundi borgarráðs þann 28. janúar 2021, var svohljóðandi tillögu borgarráðsfulltrúa
Sjálfstæðisflokksins vísað til meðferðar menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs, sbr., 39. lið
fundargerðar borgarráðs:

Lagt er til að íbúaráðum í samráði við menningar-, íþróttá- og tómsundaráð verði falið að
útfæra 17. júní hátiðarhöld í öllum hverfum borgarinnar.

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs þann 8. febrúar 2021, var tillagan lögð fram ásamt
hjálagðri umsögn viðburðateymis Reykjavíkurborgar dags. 3. febrúar 2021.
Tillögunni var frestað.

Þann 1. mars 2021, óskar menningar-, íþróttá- og tómsundaravíð eftir umsögn mannréttinda- og
lýðræðisskrifstofu um tillöguna áður en hún er afgreidd í menningar-, íþróttá- og tómsundaráði.

Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa fagnar því að íbúaráð hafi til þess möguleika að koma frekar
að hátiðarhöldum í hverfum borginnar á 17. júní.

Íbúaráðin hafa fengið til ráðstöfunar fjármuni til að styrkja m.a. viðburði og félagsauð í
hverfunum á komandi misserum líkt og í fyrra. Á árinu 2020 fengu nokkrir viðburðir í tengslum
við hátiðarhöld á 17. júní slíka styrki og tókst vel til í hverfunum vegna þeirra hátiðarhalda. Ekki
er gert ráð fyrir að íbúaráðin gæti sótt sjálfst í þá fjármuni til að vinna ákveðna viðburði eins og
t.d. 17. júní og yrði því að tryggja fjármuni til verkefnisins með öðrum hætti.

Gera má ráð fyrir að a.m.k. einhver íbúaráðanna hefðu áhuga á að koma frekar að skipulagningu
17. júní hátiðahalda á komandi sumri. Hægt væri að sjá fyrir sér að íbúaráð sem myndu vilja taka
að sér slíkt verkefni settu á stofn óformlegan vinnuhóp innan hvers hverfis. Slíkur vinnuhópur
héldi utan um verkefnið og þar ættu sæti íbúaráðsfulltrúar og aðrir lykilleikendur í hverfinu,
starfsmenn Reykjavíkurborgar eða aðrir.

Endanleg ábyrgð og útfærsla á framkvæmd 17. júní hátíðarhalda innan hverfanna gæti þó verið krefjandi og tímafrekt verkefni sem varla myndi falla undir verksvið einstakra fulltrúa íbúaráða. Slíku verkefni yrði að fylgja ráðgjöf og aðstoð frá viðburðarteymi MOF og aðgangs að starfsfólki annarra sviða t.d. frá starfsmönnum frístundamiðstöðva og félagsauðsfulltrúa á þjónustumiðstöðvum svo eitthvað sé nefnt.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa hefur því miður ekki þekkingu eða burði til að koma að umsjón, skipulagningu eða framkvæmd 17. júní hátíðarhalda í hverfunum.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að íbúaráð og menningar-, íþrótt- og tómstundaráð útfæri 17. júní hátíðahöld

Umsögn viðburðarteymis menningar-, íþrótt- og tómstundasviðs dags. 3. febrúar 2021

BORGARRÁÐ 28. janúar 2021: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að íbúaráð og menningar- íþróttar og tómstundaráð útfæri 17. júní hátíðarhöld - R21010290

Lagt er til að íbúaráðum í samráði við menningar-, íþróttar- og tómstundaráð verið falið að útfæra 17. júní hátíðarhöld í öllum hverfum borgarinnar.



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 3. febrúar 2021

RMF21020001

4.2.5

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að íbúaráð og menningar- íþróttar og tómstundaráð útfæri 17. júní hátíðarhöld

Með erindi frá skrifstofu borgarstjórnar, dagsettu 29. janúar 2021, var svohljóðandi erindi sent menningar-, íþróttar- og tómstundaráði til meðferðar: **BORGARRÁÐ 28. janúar 2021: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að íbúaráð og menningar- íþróttar og tómstundaráð útfæri 17. júní hátíðarhöld - R21010290**. Lagt er til að íbúaráðum í samráði við menningar-, íþróttar- og tómstundaráð verið falið að útfæra 17. júní hátíðarhöld í öllum hverfum borgarinnar.

Sviðsstjóri óskaði umsagnar frá viðburðarteymi menningar- og ferðamálasviðs og er hún svohljóðandi.

Arna Schram

sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Umsögn viðburðarteymis menningar- og ferðamálasviðs

BORGARRÁÐ 28. janúar 2021: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að íbúaráð og menningar- íþrótt og tómstundaráð útfæri 17. júní hátíðarhöld - R21010290

Lagt er til að íbúaráðum í samráði við menningar-, íþrótt- og tómstundaráð verið falið að útfæra 17. júní hátíðarhöld í öllum hverfum borgarinnar.

Umsögn

Reynslan er sú að fólk er mjög þakklátt ef viðburðir sem alla jafna fara fram í miðborginni fari líka fram í úthverfunum. Jafnframt hefur reynst vel ef íbúaráðin hafi yfir fjármagni að ráða og sjái sjálf um að skipuleggja það sem fram fer í þeirra hverfum. Með því móti skapast ákveðið eignarhald í viðburðinum og jákvæðni og samheldni í hverfinu eyks.

Þriggja manna viðburðateymi skrifstofu menningarmála hjá menningar- og ferðamálasviði (MOF) hefur haft veg og vanda að skipulagningu hátíðarhalda í miðborginni undanfarin ár. Annars vegar sér teymið um að skipuleggja morgunathöfn á Austurvelli í samstarfi við- og fyrir hönd forsætisráðuneytisins og hins vegar skemmtidagskrá í miðborginni eftir hádegi. Svigrúmið til að stilla upp dagskrá eftir hádegi ræðst hverju sinni af því fjármagni sem sviðið hefur lagt til að fari í verkefnið. Morgunathöfnin er greidd af forsætisráðuneytinu.

Sumarið 2020 var farið í óhefðbundnar leiðir í skipulagningu hátíðarhaldanna, þar sem 500 manna samkomutakmarkanir leyfðu hvorki skruðgöngur né stórtónleika. Í staðinn var almenningur hvattur til að fara prúðbúinn í miðborgina, halda þjóðhátíðardaginn hátíðlegan og láta koma sér á óvart. Viðburðateymið skipulagði fjölmarga „pop-up viðburði“ um alla miðborg, auk þess sem götubíthátíð var á Klambratúni. Áætlað er að halda áfram að þróa þetta fyrirkomulag þar sem mikil ánægja var með þá stemningu sem skapaðist.

Ekki eru miklar líkur á því að hægt verði að bjóða upp á hefðbundin 17. júní hátíðarhöld á þessu ári með tilheyrandi mannfjölda og mannþröng, vegna heimsfaraldursins. Því væri jákvætt ef hátíðarhöldum yrðu dreift um alla borg, og framkvæmd og skipulagningu skipt á milli íbúaráðanna sem myndu sjá um hverfin. Viðburðateymi skrifstofu menningarmála sæi svo, sem fyrr, um miðborgina. Þannig væri áfram unnið að því að skapa líf í miðborginni, en með breyttu sniði og í anda síðasta árs myndi það viðburðahald geta fallið vel að dagskrá í hverfum borgarinnar.

Til að svo geti hins vegar orðið, er mælt með því að íbúaráðin fái eyrnamerkt fjármagn til að skipuleggja og halda uppi skemmtidagskrá í hverfunum. Viðburðateymið er svo boðið og búið að aðstoða íbúaráðin og veita ráðgjöf vegna skipulags og halda utan um kynningu í samstarfi við markaðsteymi MOF.